



Til: "Skúli Thoroddsen" <Skuli.Thoroddsen@os.is>, linda@os.is  
Efni: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 2ja-3 MW Gilsárvirkjunar á Héraði  
Upplýsingar: Sent: 27.02.2018 11:34:24 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020021, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018020021

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um 2-3 MW virkjunar á vatnasviði Gilsár í Fljótsdalshéraði í landi Gilsárteigs 1 og 2 og Ormsstaða.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna sem ekki hafa í för með sér rask á landi. Hugmyndir um stærð framangreindrar virkjunar eru af þeirri stærðargráðu að hún fellur ekki undir A flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum né heldur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Þó um sé að ræða litla virkjun telur Náttúrufræðistofnun að líta eigi til sömu viðmiða hvað varðar leyfisveitingar vegna orkurannsókna fyrir minni virkjanir og finna má í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011, þ.e. að rannsóknirnar séu ekki leyfisskyldar og framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig að rannsóknirnar fari ekki í bága við lög um náttúruvernd s.s. ákvæða um akstur utan vega o.fl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Bréf

---

**Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 2ja-3ja MW Gilsárvirkjunar á Héraði**

Málsnúmer: 2018020021

Númer skjals:

Skráð: 12. febrúar 2018

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

**Auðkenni**

Efnisflokkur skjals:  
Dagsetning skjals:  
Staðsetning skjals:  
Fyrirtæki: Orkustofnun  
Nafn: Skúli Thoroddsen

**Vinnsla**

Staða: Í vinnslu  
Geymslustaður skjals:

Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 2ja-3ja MW Gilsárvirkjunar á Héraði

**Viðhengi:**

[attachment "20180212131120992.tif" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]